

Lágretnslismæliferð 14. – 22. júlí 2003

Kristjana G. Eypórsdóttir

Greinargerð KGE-2003-01



Lágrennslismæliferð 14.-22. júlí 2003

Inngangur

Í framhaldi af mjög snjóléttum vetri og þurru veðri í maí og júní 2003 var ákveðið að farið yrði í lágrennslismæliferð á Vesturland og í Húnavatnssýslur líkt og gert var í ágúst sumarið 1996. Tveir tveggja manna hópar, A og B, skiptu verkinu á milli sín. Í hópi A voru Kristjana G. Eyþórsdóttir (kge), leiðangursstjóri, og Þórarinn Jóhannsson (þj) og í hópi B voru Ásdís Jóhannesdóttir (asj) og Guðrún Olga Stefánsdóttir (gos). Inn í verkið var fléttað venjulegri vitjunar- og rennslismælingarferð á Vesturland auk nokkrum mælingum fyrir bændur í smávirkjanahugleiðingum; mælingum í ám við gamla vatnshæðarmæla þar sem voru kvarðar; ásamt rennslismælingum í tveimur ám á Skaga, sem mældar voru í ágúst 1997.

Rennslismælingar

Alls voru framkvæmdar 57 rennslismælingar í lágrennslismæliferðinni í júlí 2003. Sjá töflu 1. Mælingarnar hafa allar verið slegnar inn í gagnagrunn Vatnamælinga, Galvos, þar sem má nálgast þær til að skoða töflusíður og teikningar.

Forskrift lágrennslismæliferðarinnar í júlí 2003 var tafla yfir rennslismælingarnar frá ágúst 1996 þar sem fram kom nafn vatnsfalls, hvaða vatnshæðarmæli það tilheyrði ásamt lýsingu á mælistað og GPS hnit hans. Með hand GPS tækjum var reynt að finna staðsetningu mælistaðanna frá 1996 og tókst það vel í langflestum tilfellum. Umhverfið er þó alltaf á hreyfingu. Sumsstaðar hafði orðið breyting á vegakerfi síðan í ágúst 1996, til dæmis í Borgarfirði í Andakíl, með flutningi vegastæða og nýjum brúm og jafnvel komin ný númer á þjóðvegina. Annars staðar hafa ræsi komið í stað brúa til dæmis á Skógarströnd. Grímsá í Lundarreykjadal var að þessu sinni mæld rétt neðan við Jötnabruarfoss en þar var áður kvarði í ánni, vhm 65/V65. Sumarið 1996 var Grímsá mæld um 3 km ofan við brú á þjóðvegi 50 eins og hann lá þá. Í ágúst 1996 var Hítará mæld neðan grjótgarðs við bæinn Skiphyl en sumarið 2003 kannaðist bóndinn á Skiphyl ekki við grjótgarðinn og ráðlagði að áin væri mæld ofan svonefnds Snorravaðs því ofan þess gæti ekki sjávarfalla.

Í töflu 2 er listi yfir þær 46 rennslismælingar sem framkvæmdar voru í lágrennslismæliferðinni í ágúst 1996 auk 2 rennslismælinga úr sprænumælingaferð um Norðurland í ágúst 1997.

Áður en lagt var af stað í ferðina í júlí 2003 var ákveðið að rennslismæla ekki Vatnsdalsá í Vatnsdal hjá vhm 45 þar sem búið var að mæla báðar sammingsbundnu rennslismælingar vatnsársins 2002/2003. Í ferðinni sjálfri var hætt við rennslismælingar í Ásgeirsá í Víðidal og læknum hjá Jörfa í Víðidal þar sem enn höfðu ekki verið settir upp kvarðar í vatnsföllunum. Lækurinn Síki, Neðri-Hundadal var ekki mældur að þessu sinni enda var hann aukamæling í ferðinni 1996 eða borgun fyrir gistingu.

Í ánum þar sem verið höfðu gamlir vatnshæðarmælar með kvörðum voru upprunalegu kvarðarnir yfirleitt horfnir. Í Hítará á Mýrum, áður vhm 229, hafa plöturnar á gamla

kvarðanum verið endurnýjaðar, en hann er staðsettur á vestari stöpli gömlu brúarinnar á vegi 54, og því var auðvelt að lesa af honum. Þrátt fyrir mikla leit fannst fastmerkið við Langá á Mýrum ekki, áður vhm 141, en það fannst afskorið rör í klöpp um 6 m frá brunni upp með ánni og var mælt niður í vatnsborð frá því. Í Svelgsá á Skógarströnd, áður vhm 73, fannst kvarðinn ekki. Þar er komið ræsi í stað gömlu brúarinnar. Í Þrándargili, áður vhm 28, fundum við kvarðastæði á kletti ofarlega í ánni neðan við neðsta fossinn í gilinu. Mæliplöturnar voru horfnar en reynt var að giska á 0 punkt kvarðans og mæla upp frá honum. Kvarði við Múlaá Gilsfirði, áður vhm 86, er horfinn. Í Víðidalsá í Kolugili, áður vhm 72, fannst enginn kvarði. Í Laxá á Refasveit, áður vhm 76, var ekki leitað að kvarða því mælingarmenn vissu ekki af tilvist hans. Samkvæmt bréflegum upplýsingum frá Jónu Finndísi Jónsdóttur, vatnafræðingi á VM, var kvarði í Laxánni rétt fyrir neðan brúna út á Skagaströnd út á svokölluðum Efri-Rana, sem er klettaneft er liggur út í ána. Kvarðinn er nú horfinn.

Eftirmáli

Dagana 14.-21. júlí var vatnshæð í Norðurá, vhm 128, að lækka, og hafði gert frá 5. júlí, úr u.þ.b. 146,5 cm í 134,5 cm. En 21. júlí byrjaði vatnshæðin að hækka og í lok 22. júlí var hún komin í um 138,0 cm. Straumfjarðará, vhm 16, var smá lækkandi á meðan mælt var í ám á hennar svæði dagana 17. og 18. júlí. Vatnsdalsá var lækkandi frá miðjum degi 14. til 20. júlí og hafði aðeins lækkað um tæpan 1 cm frá miðnætti 18. júlí fram á miðjan dag 20. júlí en þá byrjaði áin að hækka fyrst um 1 cm næsta sólarhringinn en tók þá stökk upp um 4 cm til 22. júlí. Úrkoman dagana 20. og 21. júlí bætti vatni í árnar sem mældar voru síðustu daga ferðarinnar frá því sem þær höfðu verið lægstar.

Í október 2003 var settur upp vatnshæðarmælir 486 í Víðidalsá, Kolugljúfri. Þannig að árnar í Hrutafirði, Miðfirði og Víðidal teljast nú sem nálægt vatnsfall við hann í stað vhm 45 Vatnsdalsá í Forsæludal, Vatnsdal.

Ósá á Skógarströnd er stutt og stutt frá sjó svo þar gætir sjávarfalla sem þarf að taka tillit til þegar áin er rennslismæld. Ósá er óvæð á aðfalli. Í Hítará við bæinn Skiphyl er best að rennslismæla ofan svo nefnds Snorravaðs því neðan þess gætir sjávarfalla í ánni að sögn bóndans á bænum sumarið 2003.

Allmargar af ánum sem rennslismældar voru í þessari ferð eru veiðiár. Þegar lítið vatn er í ánum samfara hýndum þá er veiðin heldur dapur og við þær aðstæður hafa veiðimenn allt á hornum sér. Því er ráðlegt að hafa samband við leigutaka ána, eða umsjónarmenn, áður en lagt er af stað í lágrennslismæliferð eins og í júlí síðastliðnum og láta vita hvað stendur til. Þannig mætti draga úr líkunum á að til árekstra komi í dýru ánum með veiðileiðsögumönnum vatnamælingamönnum.

Mælingahóparnir voru báðir útbúnir Ferðakorti 1, af Vestfjörðum og Norðurlandi, í mælikvarða 1:250 000 gefnu út af Landmælingum Íslands árið 2002. Þetta kort er ekki hentugt til að finna staðsetningar rennslismælistaða eftir GPS hnitum.

Það á eftir að gefa flestum stöku rennslismælingastöðunum staðarnúmer. Að því loknu verður unnt að skoða staðsetningarnar á korti á innra neti VM undir „Staðsetning stakra rennslismælinga og vatnshæðarmæla”

Teknar voru nokkrar ljósmyndir í ferðinni af hópi A með stafrænni myndavél VM. Myndirnar eru vistaðar á /vm/myndir/ferd-KGE-THJ_20030714-22.

TAFLA 1. Lágrennismæliferð í júlí 2003										
Tími	Staður	Vhm (kvarði)	gamaðu m ³ /s	Renns m ³ /s	Ál vhm cm	Staðsetning	GPS hnit		Fjöldi RM	
							Breidd	Lengd		
8.07.03	V226	226	gos/hj	1,135	144,75	Bugða í Kjós; við sírita	64 19 510	21 36 470	1	
14.07.03	V	226	gos/asj	3,586		Laxá í Kjós; um 6,3 km ofan brúar á Þjóðvegi 47	64 19 642	21 30 727	2	
14.07.03	V	14	asj/gos	1,227		Brynjudalsá, Brynjudal, Hvalfirði; 1 km ofan Þjóðveggar 47	64 21 479	21 23 415	3	
15.07.03	V14	14	gos/asj	1,663	71,0	Botnsá, Hvalfirði; Stóri-Both, við sírita	64 22 904	21 17 310	4	
15.07.03	V	14	asj/gos	2,596		Laxá í Leirársveit; um 300 m ofan brúar á Þjóðvegi 1	64 23 497	21 50 583	5	
15.07.03	V	14	gos/asj	0,741		Leirá í Leirársveit; neðan við brú á Þjóðvegi 1	64 23 675	21 51 402	6	
15.07.03	V	140	asj/gos	0,110		Árdalsá hjá bænum Árdal nv undir Hafnarfalli gengt Borgarn. Pétur Jónsson	64 31 804	21 48 375	7	
22.07.03	V	140	kge/þj			Skorradalsvatn				
14.07.03	V322	65	kge/þj	4,143	132,9	Grímsá, Reyðarvatnsós; um 3 m ofan sírita			8	
16.07.03	V65	65	gos/asj	5,354		Grímsá, Lundareykjadali; neðan Jötunbrúarfoss, 0,5 km o. hliðs að slóð	64 31 933	21 16 563	9	
16.07.03	V	65	gos/asj	2,397		Flókadalsá, Flókadali; við gamla veiðihúsið (rifið), um 1 km n. brúar á Þjóðvegi 50	64 36 190	21 28 354	10	
16.07.03	V	66	asj/gos	0,115		Geirsá í Flókadali; um 200 m ofan við brú á Þjóðvegi 50	64 37 165	21 28 560	11	
16.07.03	V	66	asj/gos	1,183		Reykjadalsá, Reykholtsdali; um 200 m n.v. Reykholt	64 39 618	21 17 912	12	
15.07.03	V66	66	þj/kge	76,66	135,5	Hvítá, Kljáfoss; strengjabraut			13	
15.07.03	V	66	kge/þj	0,237		Litlitiót, Hvítársíðu; Þorvaldsdal. Í gilinu, um 2,5 km frá fossinum, sem er innar, en þar er W mæld	64 45 851	20 50 421	14	
						Bændavirkjun, Bjarni Johansen Fjótstungu; 4351198, 8987512				
16.07.03	V	66	þj/kge	3,128		Þverá, Borgarfirði; um 400m neðan brúar á Þjóðvegi 50	64 40 845	21 30 788	15	
16.07.03	V128	128	kge/þj	3,848	141,4	Norðurá, Norðurrárdal; undir háspennulínu n. eyrar við þjónustumiðstöð Munaðamesi	64 41 797	21 36 849	16	
16.07.03	V	128	þj/kge	0,071		Dýrastabá, Norðurrárdal; um 150 m o. gömlu brúar, blá, og um 4 m o. fastmerkis VM frá maí 2002	64 49 450	21 23 402	17	
						Klemenz Halldórsson Dýrastöðum 4350034, 8529336				

TAFLA 1. Framhald									
17.07.03	V2568	128 (141)	kge/bj	1,686	tundum ekki FM	Langá, Mýrum; 100 m neðan brúar á Þjóðvegi 54	64 35 498	21 59 545	18
17.07.03	V2569	128	bj/kge	0,533		Alftá, Mýrum; um 300 m o. gömlu brúar á Þjóðvegi 54 og um 250 m n. ræsis á Þjóðvegi 54	64 39 940	22 04 065	19
17.07.03	V2570	128 (229)	kge/bj	4,077	kv. 6	Hlítará, Mýrum; o. Skiphyls er Snorraváð, þar í ánni er tunnulaga grjóti, mælt o. vaðsins	64 42 183	22 16 911	20
17.07.03	V2571	16	gos/asj	3,245		Haffjarðará í Hnappadal; um 250 m neðan við brú á Þjóðvegi 54	64 50 357	22 (19 298)	21
17.07.03	V	16	asj/gos	1,448		Straumfjarðará, Miklaholtshreppi; um 10 m n. brúar á Þjóðvegi 54	64 50 668	22 45 314	22
18.07.03	V	16	bj/kge	0,678	141,9	Straumfjarðará, Baulárvallavatn; um 100 m neðan sínta			23
18.07.03	V	16 (73)	kge/bj	0,656	enginn kvarði	Svelgsá, Alftafirði; 30 m n. ræsis á Þjóðvegi 54, nýlegt ræsi áður var þarna líklega brú !	64 59 570	22 39 843	24
18.07.03	V	16	gos/asj	1,003		Ósá, Skógarströnd; 50 m n. ármóta Setbergsár og Langár. Hér gætir sjávarfalla !	65 01 653	22 33 845	25
18.07.03	V	16	asj/gos	0,066		Svínafossá, Skógarströnd; um 1 km ofan brúar á Þjóðvegi 54	65 00 835	22 14 554	26
18.07.03	V	16	gos/asj	0,198		Dunká, Skógarströnd; um 500 m ofan brúar á Þjóðvegi 54	65 00 508	21 56 800	27
17.07.03	V	12	bj/kge	1,063		Miðá, Miðdölum; u.þ.b. 500 m ofan við brú á Þjóðvegi 54	65 01 386	21 44 329	28
18.07.03	V	12	kge/bj	1,299	133,2	Haukadalsá, Hvammsfirði; neðan við útfall úr Haukadalsvatni			29
19.07.03	V	12	bj/kge	0,583		Laxá, Laxárdal, Hvammsfirði; um 15m neðan veiðistaðarins Neðri Kistu	65 06 188	21 44 674	30
19.07.03	V	12 (28)	kge/bj	0,070	(kv.10)	Þrándargili, Laxárdal, Dölum; 30 m o.v. veiðihúsið Þrándarkot, rétt n. tófta á vinstri bakka	65 08 120	21 36 201	31
19.07.03	V	12 (86)	asj/gos	0,603	enginn kvarði	Múlaá, Garpsdal, Gilsfirði; um 30 m neðan við neðsta foss	65 26 834	21 48 746	32
22.07.03	V	45	gos/asj	0,160		Laxá, Hrútafirði; um 30 m n. gömlu brúar og um 300 m o. brúar á Þjóðvegi 61	65 15 620	21 09 151	33
21.07.03	V	45	asj/gos	0,154		Selá, Hrútafirði; um 300 m neðan við brú á Þjóðvegi 61	65 08 197	21 04 971	34
19.07.03	V	45	gos/asj	0,147		Ormsá, Hrútafirði; neðan við sumarþústað, um 200 m ofan gömlu brúar	65 06 764	21 06 005	35
19.07.03	V	45	asj/gos	0,945		Hrútafjarðará; fyrir neðan fjárhús á Óspaksstöðum	65 05 755	21 05 295	36
19.07.03	V	46	gos/asj	0,248		Síká, Hrútafirði; um 100 m ofan brúar á Þjóðvegi 1	65 07 550	21 03 894	37
19.07.03	V	45	bj/kge	2,511		Miðfjarðará, Miðfirði; um 700 m o. brúar á Þjóðvegi 1. GPS hnitin misfórust !	65 19 (61)	20 53 (754)	38
						Miðfjarðará, Miðfirði; um 600 m o. brúar á Þjóðvegi 1, lágrm. ág. 1996 GPS hnit	65 19 53	20 53 79	

TAFLA 1. Framhald

19.07.03	V	45	kge/bj	0,026		Urriðaa, Miðfirði; ca. 10 m neðan ræsis á þjóðvegi 704, áður var þarna brú !	65 17 278	20 49 503	39
20.07.03	V	45	kge/bj	1,460		Austurá, Miðfirði; 7 m neðan brúar á þjóðvegi 704	65 11 814	20 46 833	40
20.07.03	V	45	kge/bj	0,608		Vesturá, Miðfirði; 12 m neðan brúar á þjóðvegi 704	65 14 480	20 50 173	41
21.07.03	V	45	gos/asj	0,418		Hamarsá, Vatnsnesi; 30 m neðan við brú á þjóðvegi 711	65 31 700	20 57 733	42
21.07.03	V	45	asj/gos	0,661		Tjarnará, Vatnsnesi; um 80 m ofan við sjó	65 38 674	20 46 763	43
21.07.03	V	45	gos/asj	0,090		Þórsá, Vatnsnesi; undir brú á þjóðvegi 711	65 39 039	20 39 103	44
21.07.03	V	45	asj/gos	0,512		Þverá, Vatnsnesi; um 80 m neðan við brú á þjóðvegi 711	65 32 426	20 39 239	45
20.07.03	V	45	asj/gos	0,580		Fitjá, Víðidal; um 800 m neðan við brú á þjóðvegi 715	65 21 961	20 38 055	46
20.07.03	V	45 (72)	gos/asj	2,351	enginn kvarði	Víðidalssá, Kolugil gamla brú (mæla við brúna ofan við brotið!!!)	65 19 885	20 34 165	47
20.07.03	V	45	asj/gos	2,929		Víðidalssá, Víðidal; 1,4 km niður afleggjarann að Galtanesi	65 23 829	20 36 953	48
20.07.03	V	45	gos/asj	3,912		Víðidalssá, Víðidal; rétt hjá Stóruborg	65 28 857	20 32 796	49
	✓	45	kge/bj			Ásgeirsa, hjá-brú á þjóðvegi 715. Var ekki mæld v.þ.a. kvarði-ekki kominn			
	✓	45	kge/bj			JFJ, eignum við að mæla-lækinn hjá Jörfa? Ekki-mælt v.þ.a. kvarði-ekki kominn			
20.07.03	V	45	kge/bj	0,809		Giljufurá, Húnabingi; um 300 m ofan óss í Hópið	65 29 625	20 27 741	50
21.07.03	V	45	kge/bj			Vatnsdalsá, Forsæludal; almenn vitjun, með niðurmælingum á festur, án Rm			
21.07.03	V	45	bj/kge	0,410		Tunguá, Vatnsdal; um 3 m ofan brúar á þjóðvegi 722	60 20 944	20 10 744	51
20.07.03	V	45	bj/kge	2,299		Álftarskálará, Vatnsdal; um 500 m ofan við ármót við Vatnsdalsá	65 20 020	20 11 555	52
21.07.03	V	45	kge/bj	0,203		Kornsá, Vatnsdal; 25 m ofan brúar á þjóðvegi 722	65 24 070	20 16 895	53
20.07.03	V	45	bj/kge	1,700		Gilljá, Húnabingi; um 50 m ofan ræsis á þjóðvegi 1vegi áður var þarna brú	65 33 020	20 20 588	54
20.07.03	V	227 (76)	bj/kge	1,752		Laxá á Refasveit, A-Húnavatnss. O. Njálisstaða, þjóðv. 744, um 150 m frá útihúsum á bakkannum	65 43 463	20 11 485	55
21.07.03	V	227	bj/kge	0,188		Hrafnsá, Skagaströnd; um 40 m ofan brúar á þjóðvegi 74	65 49 350	20 16 488	56
21.07.03	V	227	bj/kge	0,392		Fossá, Skaga; um 10 m neðan brúar á þjóðvegi 745, ofan við foss í ánni	65 58 308	20 22 833	57

TAFLA 2. Lágrennismæliferð í ágúst 1996										
Tími	Staður	Vhm	Mæl.m./tími	Rennsl m ³ /s	Al.vhm cm	Staðsetning	GPS hmit		Fjöldi RM	
							Breidd	Lengd		
19.08.96	V226	226	se/jfj	1,97	151,8	Bugða í Kjós; við sirta			1	
19.08.96	V	226	eö/h/já	4,117		Laxá í Kjós; 6,3 km ofan brúar á hringvegi	64 19 54	21 30 32	2	
19.08.96	V	14	ffj/se	1,323		Brynjudalsá, Hvalfirði; 1 km ofan hringvegjar	64 21 55	21 23 55	3	
24.08.96	V14	14	se/sj	2,002		Botnsá, Hvalfirði; við sirta			4	
20.08.96	V	14	já/eöh	4,464		Laxá í Leirársveit; 300 m ofan við brú á Þjóðvegi 1	64 23 52	21 50 63	5	
20.08.96	V	14	se/jfj	1,305		Leirá í Leirársveit; við brú yfir hringveginn	64 23 68	21 51 30	6	
20.08.96	V	65	eö/h/já	7,122		Grímsá, Lundareykjadal; um 3km ofan brúar	64 34 643	21 34 476	7	
20.08.96	V	65	ffj/se	2,926		Flókadalsá; við veiðihús um 2,5 km ofan brúar	64 36 214	21 28 333	8	
20.08.96	V	66	já/eöh	0,236		Geirsá í Flókadal; 200 m ofan við brú á vegi 50	64 37 14	21 28 55	9	
20.08.96	V	66	ffj/se	2,127		Reykjadalsá; um 200 m neðar en Reykholt	64 39 59	21 18 06	10	
20.08.96	V	66	eö/h/já	7,716		Þverá Borgarfirði; um 500 m neðan við brú	64 40 763	21 30 630	11	
20.08.96	V2568	128	já/eöh	6,591		Langá á Mýrum; 100 m neðan við brú á vegi 54	64 35 49	21 59 51	12	
21.08.96	V2569	128	eö/h/já	1,554		Álftá á Mýrum; um 300 m ofan við brú við veg 54	64 39 145	22 03 644	13	
21.08.96	V2570	128	já/eöh	11,79		Hítará, Mýrum; 70 m neðan grjótgáðs við bæinn Skiphyl	64 42 88	22 14 89	14	
21.08.96	V2571	16	eö/h/já	8,186		Hauffjarðará á Mýrum; um 200 m neðan við veg 54	64 50 403	22 19 298	15	
21.08.96	V	16	já/eöh	3,640		Straumfjarðará, Miklaholtshreppi; 10 m neðan brúar á vegi 54	64 50 66	22 45 34	16	
21.08.96	V	16	se/jfj	2,601		Ósá, Snæfellsnesi; 50 m n. ármóta Setbergár og Langár	65 01 64	22 33 86	17	
21.08.96	V	16	ffj/se	0,375		Svínafossá, Snæfellsnesi; um 1km ofan við brú	65 00 817	22 14 504	18	
21.08.96	V	16	se/jfj	0,469		Dunká, Snæfellsnesi; 500 m ofan brúar	65 00 48	21 56 80	19	
21.08.96	V	12	ffj/se	2,577		Miðá, Miðdölum; um 500 m ofan við brú (neðstu)	65 01 380	21 44 380	20	
21.08.96	V	12	se/jfj	2,801	139,2	Haukadalsá; 30 m neðan við ós Haukadalsvatns	65 03 06	21 40 34	21	

TAFLA 2. Framhald										
22.08.96	V	12	se/fj	0,086		Síki, Neðri-Hundadal; 150 m neðan uppsprettu	64 59 33	21 37 69	22	
22.08.96	V	12	eöhl/já	2,419		Laxá í Laxárdal; um 15 m neðan við Efri Kistu	65 06 206	21 44 764	23	
24.08.96	V	45	já/eöh	0,242		Laxá í Hrutafirði; 200 m fyrir ofan brú á vegi 61	65 15 67	21 09 15	24	
24.08.96	V	45	eöhl/já	0,310		Selá, Hrutafirði; um 300 m neðan við brú	65 08 213	21 04 991	25	
22.08.96	V	45	fj/se	0,375		Ormsá, Hrutafirði; n. sumarbústaðar, 200 m o. gömlu brúar	65 06 740	21 06 007	26	
22.08.96	V	45	se/fj	1,816		Hrutafjarðará; fyrir neðan fjárhús á Óspaksstöðum	65 05 80	21 05 34	27	
22.08.96	V	45	fj/se	0,728		Síká, Hrutafirði; 100 m ofan nýju brúar	65 07 530	21 03 596	28	
22.08.96	V	45	já/eöh	6,172		Miðfjarðará, Miðfirði; 600 m ofan við brú á Þjóðvegi	65 19 53	20 53 79	29	
22.08.96	V	45	eöhl/já	0,168		Urriðaaá, Miðfirði; um 2 m neðan við brú	65 17 277	20 49 525	30	
22.08.96	V	45	eöhl/já/fj/sej	2,565		Austurá, Miðfirði; 50 m ofan við brú	65 11 767	20 46 765	31	
22.08.96	V	45	já/eöh	2,407		Vesturá, Miðfirði; 300 m fyrir neðan brú á vegi 704	65 14 55	20 49 85	32	
24.08.96	V	45	já/eöh	0,981		Hamarsá, Vatnsnesi; 30 m neðan brúar á vegi 711	65 31 70	20 57 77	33	
24.08.96	V	45	eöhl/já	1,217		Tjarnará, Vatnsnesi; um 20m ofan við sjó	65 38 722	20 46 798	34	
23.08.96	V	45	já/eöh	0,207		Þórsá, Vatnsnesi; undir brú á vegi 711	65 39 05	20 39 07	35	
23.08.96	V	45	eöhl/já	0,929		Þverá, Vatnsnesi; um 40 m neðan við brú	65 32 429	20 39 195	36	
23.08.96	V	45	eöhl/já	1,712		Fitjá, Vestur-Húnavatnssýslu; um 800 m n. brúar á vegi 715	65 21 930	20 38 147	37	
23.08.96	V	45	já/eöh	5,757		Víðidalssá, Víðidal; 1,4 km niður með afleggjara að Galtanesi	65 23 82	20 37 01	38	
23.08.96	V	45	já/eöh	8,45		Víðidalssá, Víðidal; Stóraborg 100 m fyrir neðan girðingu.	65 28 86	20 32 81	39	
23.08.96	V	45	se/fj	1,472		Giljufurá; 300 m ofan ósa við Hópið	65 29 66	20 27 75	40	
24.08.96	V45	45	fj/se	5,482	172,9	Vatnsdalsá; neðan við bæinn Sunnuhlíð			41	
24.08.96	V	45	se/fj	0,544		Tunguá, Vatnsdal; um 40 m ofan Þjóðvegjar	65 20 92	20 10 56	42	
23.08.96	V	45	fj/se	3,014		Álftarskálará, Vatnsdal; 500 m ofan ármóta við Vatnsdalsá	65 19 961	20 11 471	43	
23.08.96	V	45	fj/se	0,414		Kornsá, Vatnsdal; skammt ofan brúar	65 24 020	20 16 900	44	
23.08.96	V	45	se/fj	1,727		Gilja; 30 m ofan brúar á hringvegi	65 33 00	20 20 63	45	
23.08.96	V	227	fj/se	3,024		Laxá á Refasveit; skammt ofan Njálstaða	65 43 464	20 11 325	46	

TAFLA 2. Framhald							
Úr sprænumæliferð i ágúst 1997							
			heig/halg	0,35	Hrafnsó, Skagaströnd	65 49 339	20 16 63
	V	227	ke/rf	0,64	Fossá norðan Skagastrandar; við Kröksei	65 58 307	20 22 776
9.08.97	V	227					
9.08.97	V	227					